

**109. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
21. ágúst 2019 og hófst hann kl. 16:00.**

**Fundinn sátu:**

Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Sveinborg Kristjánsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1907120 - Tillögur til þess að styrkja húsnæðismarkað á landsbyggðinni**

Félags- og barnamálaráðherra hefur boðað að bregðast þurfi við stöðunni á landsbyggðinni í húsnæðismálum. Fyrir liggur stöðuskýrsla um málið. Þetta er tilraunaverkefni Íbúðalánasjóðs og félagsmálaráðuneytisins.

*Velferðar- og mannréttindaráð fór yfir Stöðuskýrslu um húsnæðismál á landsbyggðinni.*

**2. 1907121 - Mat á stuðningsþörf fatlaðs fólks (SIS)**

Kynnt verður samantekt starfsmanna um mat á stuðningsþörf(SIS) hjá einstaklingum í þjónustu hjá Velferðar- og mannréttindasviði Akraneskaupstaðar.

*Kynnt var nafnlaus samantekt starfsmanna á stöðu SIS mats hjá einstaklingum í þjónustu hjá Akraneskaupstað.*

**3. 1907127 - Búsetuþörf fatlaðra einstaklinga á Akranesi**

Kynnt verður samantekt starfsmanna á búsetuþörf fatlaðra einstaklinga á Akranesi næstu árin.

*Kynnt áætluð búsetuþörf fatlaðra einstaklinga á Akranesi til ársins 2022.*

**4. 1907156 - NPA þjónusta - Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög**

Kynntar verða leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög vegna setningar reglna um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA). Eitt af meginmarkmiðum lagasetningarinnar er að innleiða tiltekin ákvæði Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks í íslenska löggjöf.

*Velferðar- og mannréttindaráð felur starfandi sviðsstjóra og starfsmönnum Velferðarsviðs að móta drög að reglum um Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) fyrir Akraneskaupstað.*

**5. 1907133 - Kynningarfundur ráðherra um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 í heilbrigðisumdæmi Vesturlands**

Kynningarfundur um heilbrigðisstefnu til ársins 2030 í heilbrigðisumdæmi Vesturlands var haldinn 15. ágúst sl. á Heilbrigðisstofnun Vesturlands. Á fundinum var heilbrigðisstefnan kynnt.

*Allir ráðsmenn Velferðar- og mannréttindaráðs mættu á kynningarfund um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Ráðið fagnar framkominni heilbrigðisstefnu.*

217

6. 1908244 - Umsókn til velferðar- og mannréttindaráðs

Sjá trúnaðarbók.

Trúnaðarmál.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:15.

Hentur Jón Jónhannardóttir  
Einar Brundsson  
Anna Þór Þorgilsdóttir  
Hvetva Runn Árnadóttir  
Sveinbjörg Þórhildisdóttir